


ÁRSSKÝRSLA 2022





Ársskýrsla 2022

Höfundur:

Þóra Óskarsdóttir.

Mynd á forsíðu:

Frumgerðir að bíóflísunum í ræktun,
Þóra Hafdís Arnardóttir.

Frumgerðir að bíóflísunum í ræktun.

Brynja Þóra Guðnadóttir og Þóra Hafdís Arnardóttir vinna sameiginlega að því að þróa bíóflísar eða líf-flísar úr íslenskum sandi og bakteríum.

Þóra er í doktorsnámi við Newcastle-háskóla þar sem hún hefur verið að þróa steypu sem líkist sandsteini með sömu aðferð.

Brynja starfar sem innanhússhönnuður hérlendis og hefur unnið að þróun lifandi byggingar undanfarin ár. Þær kynntust í gegnum Fab Lab Reykjavík og byrjuðu að vinna saman að flísunum.

Fab Lab Reykjavík

Austurbergi 5

111 Reykjavík

www.flr.is



Þóra Óskarsdóttir
Forstöðumaður
Fab Lab Reykjavík

Gróska er orðið sem lýsir Fab Lab Reykjavík best á árinu 2022. Hvort sem horft er til samfélagsins, hugmyndanna eða áhrifa smiðjunnar. Sjálfstæðir notendur smiðjunnar eru fjölbreyttari en áður, nemendur FB nýta smiðjuna í auknum mæli til að vinna í sjálfstæðum verkefnum. Námskeið á pólsku og ensku hafa laðað tæknifólk og hönnuði sem eru nýfluttir til landsins til að nýta smiðjuna og kynnast þannig tæknisamfélagi Íslands. Smiðjan myndar leikvöll skapandi fólks sem saman þróa hugmyndir, prófa frumgerðir, læra af mistökum, gera uppgötvanir og smíða uppfinningar.

TÆKNIFRÆ FRAMTÍÐARINNAR

Mikilvægi tækninnar til að efla græna nýsköpun hefur varpað ljósi á nauðsyn Fab Lab smiðja í nýsköpunarumhverfinu. Undanfarin ár hefur fjöldi hugmynda hafa fengið tæknistuðning í Fab Lab Reykjavík til að þróa lausnir sínar. Hugmyndir sem byrjuðu sem einfaldar prófanlegar frumgerðir í smiðjunni hafa nýlega fengið stóra þróunarstyrki og eru byrjaðar að sækja í einkaleyfi. Hér má helst nefna Sidewind sem nýlega fékk 1.4 milljarða króna styrk inn í Whisper verkefnið, og einkaleyfis umsókn frá Atmonia fyrir BioReactor frá Atmonia.

SMÍÐUM FRAMTÍÐINA



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir Nýsköpunarráðherra
heimsækir Fab Lab Reykjavík

Fab Lab Reykjavík er lifandi samfélagsrými þar sem fólk lætur hugmyndir sínar verða að veruleika. Fab Lab (Fabrication Laboratory) er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er. Fab Lab Reykjavík er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Fjölbrotaskólans í Breiðholti með stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Frumkvöðlum - nemendum eða fólki í samfélaginu og atvinnulífinu - er gert kleift að vinna markvisst að þróun hugmynda sinna með greiðum aðgangi að stafrænni tækni. Fab Lab Reykjavík er þannig suðupottur skapandi fólks hér verða stefnumót hugmynda sem sumar þroskast út í atvinnulífið eða skapa nýja þekkingu og knýja áfram hringiðu menntunar.

Fab Lab á rætur sínar að rekja til Center for Bits and Atoms hjá MIT háskólanum í Massachusetts í Bandaríkjunum. Samstarfið við MIT veitir smiðjum um allan heim aðgang að þekkingu og mikilvægu tengslaneti. Smiðjan styður við nýsköpun á fyrstu stigum með því að gera hugvitsfólki kleift að breyta hugmynd í frumgerð fljótt og örugglega. Þannig er Fab Lab er skimunartól nýsköpunar og hreyfiafl menntunar: Góð hugmynd getur þroskast í vöru og aðrar hugmyndir skilja eftir sig lærdóm og þekkingu.

Stafrænar smiðjur eru staðir til að skapa. Hugsjón skapandi smiðja er að næra nýjar hugmyndir með því að veita aðstöðu til tilraunamennsku og útfærslu frumgerða. Þannig má rækta nýsköpun á frumstigi. Ummerki hugmynda má sjá um alla smiðju Fab Lab Reykjavíkur sem er afrakstur fjölda heimsóknna frá hugvitssömu fólki.



Grunnskólakennarar Reykjavíkurborgar þungt hugsí í Fab Lab Reykjavík.

TÖLFRÆÐI 2022



7508

HEIMSÓKNIR

Árið 2022 var 7% aukning
á heildarfjölda heimsókna.

Unnið að rafeindalausnum í þágu listaverka

Aukinn stuðningur Reykjavíkurborgar, Menntamálaráðuneytis og Nýsköpunarráðuneytis hefur hleypt miklum vexti í Fab Lab Reykjavík hjá Fjölbrautarskólanum í Breiðholti sem hefur rekið smiðjuna undanfarin ár. Á hverju ári sækja um 350 nemendur eininga bætt nám í smiðjunni og í hverjum mánuði eru opin námskeið fyrir almenning.

Tafla 1: Aðsókn í Fab Lab Reykjavík 2017 -2022

	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Samtals	4,974	8,287	8,812	5,232	7,096	7508
FB	2,154	2,627	3,184	2,812	2,621	3026
Aðrir hópar	2,160	2,860	3,068	1,075	1,839	1279
Sjálfstæðir	108	1,804	1,056	862	1,939	2756
Opið Hús	552	996	1504	483	697	447

Alþjóðlegt yfirbragð smiðjunnar skapar samastað fyrir tækni og listafólk sem er nýflutt til landsins. sem Hugmyndir kvikna í námi og störfum en hvaðan sem hugmyndin kemur getur fólk nýtt sér Fab Lab til að þróa frumgerð. Ummerki hugmynda má sjá um alla smiðju Fab Lab Reykjavíkur sem er afrakstur fjölda heimsókna frá hugvitssömu fólki. Fjöldi tækniþróunarverkefna hafa aukist ár frá ári, og er mikil áhersla á grænar lausnir.

Tafla 1: Notendur stafrænna smiðja

	Viðmið	2019	2020	2021	2022
Heildarfjöldi heimsóknna	5000	8812	5214	7012	7508
Vikur sem var opið	-	50	39	50	45
Auglýstur opnunartími á viku	36	45	45	45	45
Raunopnunartími**	36	42	44	42	41.5
Opið hús	5	7	7	7	7
Önnur skipulögð dagskrá á viku	15	14	11	16	19.5
Ánægja með heimsókn	4 af 5	-	-	-	

Árið 2022 voru heimsóknir í smiðjuna 7508 talsins sem er 7% aukning frá árinu 2021. Mikil aðsókn er í Fab Lab Reykjavík sem má skýra með greiðu aðgengi og háu þjónustustigi. Smiðjan er opin 45 klukkustundir á viku og er ávallt mönnum hæfu starfsfólki. Einu sinni í viku er opið hús með auknum fjölda starfsmanna, þá er kjörið tækifæri til að koma í sína fyrstu heimsókn eða leysa flóknari verkefni. Önnur skipulögð dagskrá felur í sér námskeið og kennslu, sem er um 19.5 klukkustundir á viku og fylla smiðjuna lífi.

3202 SJÁLFSTÆÐAR HEIMSÓKNIR

Árið 2022 voru heimsóknir frá sjálfstæðum notendum 3203. Þetta eru þeir notendur sem mæta sjálfir til að vinna í eigin verkefnum og eru nú 42% heimsóknna.



Prófun á þjarka fyrir hönnunarkeppni véla og iðnverkfræðinema



509

HEIMSÓKNIR FB NEMA

Nemendur FB nýta sér smiðjuna í auknum mæli til að vinna í eigin verkefnum utan kennslu. Þessar heimsóknir eru 16% heimsókna frá sjálfstæðum notendum.

Daníel á rafvirkjabraut FB nýtir reglulega rafeindaverkstæði Fab Lab Reykjavík.

Kjarnastarfsemi Fab Lab Reykjavíkur er að vera lifandi samfélagsrými þar sem hugmyndaríkt fólk alstaðar að starfar saman undir sama þaki. Fab Lab Reykjavík laðar til sín tæknifólk og hönnuði frá öllum heimshornum sem togar með sér nýja þekkingu og miðlar henni til annarra notenda. Fab Lab Reykjavík hefur tekist að skapa vettvang fyrir þróun hugmynda og smíði frumgerða með stafrænum framleiðslukostum.

SAMFÉLAG - NÝSKÖPUN - MENNTUN

Fab Lab Reykjavík hefur nýtt sköpunarkraft og tækniþekkingu til að efla þrjú megináherslusvið: samfélag - nýsköpun - menntun.

SAMFÉLAG

SKAPANDI TÆKNIGRÚSKARA



Dagur B. Eggertsson borgarsstjóri á góðri stund með nemendum FB

Fab Lab Reykjavík er suðupottur skapandi fólks Fab Lab Reykjavík er staðsett í Breiðholti einu helsta fjölmeningarsamfélagi borgarinnar sem býður upp á töluverð tækifæri. Í hverfinu býr mikil tækniþekking, sköpunarkraftur sem setur svip á hverfið og öflugt skólastarf.

AÐGERÐIR

- ✓ Fab Lab Reykjavík er gluggi í alþjóðanet nýsköpunar og stuðlar að fjölbjóðlegu samstarfi.
- ✓ Aðgengileg uppfinningasmiðja sem er vel nýtt af fjölbreyttum hópi skapandi fólks.
- ✓ Er í virku samstarfi við frumkvöðlasetur, rannsóknarstofnanir og aðra þjónustu við frumkvöðla.
- ! Hefur fjármagn til að vaxa með auknum húsakosti og nýrri tækni.

www.flr.is

42

FAB LAB NÁMSKEIÐ

Árið 2022 voru haldin 42 námskeið á þremur tungumálum; íslensku, ensku og pólsku. 248 þátttakendur sóttu námskeiðin og kennt var á alla tæknimöguleika smiðjunnar

Fab Lab Reykjavík er anddyri nýsköpunar, fyrsta skrefið inn í umhverfi þar sem hugmyndir verða að veruleika. Smiðjan býður upp á örvandi rými sem virkjar hugann, kveikir forvitni oger vettvangur fyrir skapandi samstarf lausnamiðaðs fólks. Stuðningur borgarinnar gerir Fab Lab Reykjavík kleift að halda uppi háu þjónustustigi og virkja sköpunarkraftinn sem býr í samfélaginu.

45

KLST Á VIKU

Fab Lab Reykjavík er opið 45 klukkustundir á viku og ávalt er hæft starfsfólk á vakt.



Arnar segir hópi fólks frá tækifærum smiðjunnar

Í smiðjuna sækir fólk sem hefur gaman af tækni, sumir verða þar fastagestir og stundum þegar hugmyndir sækja á önnur mið starfar hugvitsfólk áfram í smiðjunni, ýmist til að vinna að nýjum hugmyndum eða til að miðla af þekkingu sinni og reynslu. Þekking knýr áfram nýsköpun og hefur Fab Lab Reykjavík gengið hart á eftir þekkingu á sviði lífhönnunar og grænnar tækni. Þessa þekkingu þarf að sækja markvisst út fyrir landssteinanna samhliða því að næra þá þekkingu sem þegar hefur skapast hérlendis.



1

FAB LAB VERÐLAUN

Verðlaun á alþjóðaráðstefnu Fab Lab smiðja FABX. Frumgerð að skynjara sem metur gæði vatns í safnbrunnum Balí.

Andri ásamt teyminu sínu í Balí

Þessi sókn hefur nú skilað sér í stóru alþjóðlegu Erasmus+ verkefni á sviði framsýnna verkefna og hlýtur fjármögnun uppá eina milljón evra, verðlauna á alþjóðlegri Fab Lab ráðstefnu auk þónokkurra frumgerða. FABX conference er alþjóðleg Fab Lab ráðstefna sem haldin er árlega af Fab Foundation. Andri hlaut styrk frá skipuleggjendum ráðstefnunnar til að fara til Balí sem hluti af hópi tíu Fab Lab sérfræðiteyma. Teymið hans Andra tók að sér áskorunina water for Life með IDEP Foundation en samtökin vinna að því að tryggja neysluvatn í Balí til framtíðar.



CoCoon verkefnið hlaut fjármögnun uppá eina milljón evra til að þróa 10 vinnustofur sem byggja á ólíkum aðferðum lífhönnunar (e. biodesign). Þrjár af fremstu Fab Lab smiðjum Evrópu eru í samstarfinu auk rannsóknarstofnana, háskóla og framhaldsskóla.

Í gegnum vinnustofur og þróun á frumgerðum munu Fab Lab smiðjurnar leiða innleiðingu lífhönnunar til frumkvöðla og almennings. Markmið verkefnisins er að hraða grænni umbreytingu í hönnunar- og byggingargreinum sem gerir fólki kleift að finna nýjar leiðir til að búa til umhverfisvænar vörur. Verkefnið leggur jafnframt áherslu á að móta stefnu um opinn aðgang að grænum vinnustofum (Green Labs) svipað og þekktist í Fab Lab smiðjum. Opin aðgangur að slíkum smiðjum, gerir fólki kleift að þróa og prófa tæknilega flóknar nýjungar sem byggja á vísindalausnum. Slíkar lausnir eru nauðsynlegar á mörgum sviðum hönnunar- og byggingagreina til að hefja græna umbreytingu. Verkefnið mun standa yfir næstu þrjú árin.

Samstarfsaðilar verkefnisins eru:

Fjölbrautarskólinn í Breiðholti
Aalto university
IaaC - Institute of advanced
architecture of Catalonia
University of Porto
University of Lusofona

Fab Lab Reykjavík
Fab Lab AALTO
Fab Lab Barcelona

BIOPOLIS
TRIE
CIBIO



NÝSKÖPUN



Snjallasta gróðurhúsið, samstarfsveerkefni Surova, ABC Lights og GreenBites

Fab Lab Reykjavík er anddyri nýsköpunar, fyrsta skrefið inn í umhverfi þar sem hugmyndir verða að veruleika. Smiðjan býður upp á örvandi rými sem virkjar hugann, kveikir forvitni og er vettvangur fyrir skapandi samstarf lausnamiðaðs fólks. Þar er aðstaða og stuðningur handa alls kyns fólki í námi og atvinnulífi til að vinna sjálfstætt að hugmyndum sínum.

AÐGERÐIR

- ✓ Hugmyndir sem þróaðar eru í Fab Lab Reykjavíkur ná reglulega að afla þróunarstyrkja og vaxa út í atvinnulífið.
- ✓ Á ári hverju eru 10 vænlegir sprotar í mótun.
- ? Til að styðja við tæknilausnir hefur frumkvöðlasetur verið opnað í næsta nágrenni við Fab Lab Reykjavíkur.

www.flr.is

27 SPROTAR

Sprotar sem stefna á markað
nutu stuðnings Fab Lab
Reykjavíkur árið 2022

1

UMSÓKN UM EINKALEYFI

James McDaniel
Garðyrkjufraeðingur hjá
Atmonía hefur sótt um
einkaleyfi fyrir BioReactor



"Yet, with FabLab's services, I had the exact piece I needed for my project within hours of receiving the file from the student in the US. It really felt like some kind of magic honestly."

Segir James McDaniel

Framtíðarsýn Fab Lab Reykjavíkur er að vera meðal lykilinnviða í kerfi nýsköpunar (innovation system) á Íslandi. Árið 2021 varð mikil aukning á fjölda heimsókna frá sjálfstæðum notendum og hélt áfram á aukast árið 2022. Árið 2021 varð sprenging í fjölda þróunarverkefna samhliða aukinni aðsókn sjálfstæðra notenda, þessi þróunarverkefni nýta enn smiðjuna en auk þeirra hafa ný verkefni bæst við. Grænar lausnir einkenna þróunarverkefnin sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og efla hringrásarhagkerfið. Sjálfstæðum notendum fylgja flóknari verkefni en skipulögð kennsluverkefni, innan þessa hóps finnast frumkvöðlar með þróunarverkefni og nemendur sem fara sínar eigin leiðir við úrlausnir skólaverkefna.

Þróunarverkefni smiðjunnar 2022 voru 53 talsins. Grænar lausnir einkenna þróunarverkefnin sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og efla hringrásarhagkerfið.



57

FRUMGERÐIR Í ÞRÓUN

Helmingur þeirra stefnir á markað og helmingur er hluti af skólaverkefnum

Skógarsel við Þingvallavatn er tilraunaverkefni sem er hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Það er samstarfsverkefni Brynjahönnun, Biotonomy og fleiri íslenskra sérfræðinga í byggingariðnaði.

1,4 MILLJARÐA STYRKUR

Verkís leiðir Wisper verkefnið
Samstarfsverkefnið sem byggir
að hluta á vindorkulausn
SideWind fyrir flutningaskip.



Óskar og María með fyrsta Sidewind líkanið fyrir framan vindmylluna í fullri stærð.

Fjölbreytni þróunarverkefnanna er töluverð, allt frá því að vera hönnun, heilbrigðisbúnaður líftækni eða háþróaðar tæknilausnir. Stærri þróunarverkefni eru yfirleitt unnin í samstarfi við fjölda aðila sem nærir þekkingu Fab Lab Reykjavíkur og bætir tengslanetið. SideWind verkefnið er gott dæmi um slíkt, en fyrsta líkanið var smíðað í Fab Lab Reykjavík.

"Það eru nokkur atriði sem breyttu öllu fyrir okkur. Það er til dæmis að fá hlutinn útprenntaðan frá Fab Lab í 1:20 það breytti gríðarlega miklu fyrir okkur. Og þetta samstarf með Evris og Insperalia." Segir Óskar í viðtali Morgunvaktarinnar á Rás 2.



Fab Lab Reykjavík studdi við 17 þátttökuteymi Women Innovators Incubator. Teymin voru skipuð konum með ólíkan bakgrun sem skilaði sér í fjölbreyttum ausnum með samfélagslegan ávinning.

Womens Innovators Incubator var afrakstur samstarfs Huawei og WomenTechIceland. Markmið samstarfsins var að auka sýnileika kvenna í tækni ásamt því að varpa ljósi á möguleika kvenna til að skapa sér starfsframa í tæknigeiranum.

MENNTUN



Maciek Naskret kennir stórum hópi á laserskurð

Menntun og þekkingarmiðlun er grundvöllur allrar nýsköpunar og skipar því stóran sess í starfsemi Fab Lab Reykjavíkur. Tæknimenntun er það sem viðheldur takti smiðjunnar á milli þróunarverkefna. Nýrri þekkingu er þar safnað og miðlað, til verður umgjörð fyrir samfélag skapandi fólks sem leitar í smiðjuna til að læra að smíða uppfinningar með hjálp stafrænnar tækni. Samhliða því að vera uppfinningasmiðja er stöðug menntadagskrá í Fab Lab Reykjavíkur. Á hverri viku eru um 20 kennslustundir í smiðjunni, sem eru ýmist áfangar, námskeið eða önnur bókuð dagskrá.

ÁHERSLUR

- ✓ MEMA-hraðallinn er vinsæll áfangi í framhaldsskólum.
- ✓ Nýsköpunarkennslu hefur fleygt fram í gegnum virkt samstarf Fab Lab Reykjavíkur við sköpunarver grunn- og framhaldsskóla.
- ? Í samstarfi við innlenda háskóla er Fab Academy viðurkennt 30 ECTS eininga diplómanám.

www.flr.is
Ársskýrsla 2022

220 NEMENDUR

Nemendur sem nýta Fab Lab Reykjavík í skipulagðri dagskrá koma frá fjölmörgum stofnunum. FB, MS, Flennsborg, HÍ, LHÍ, HR, VMST, Reykjavíkurborg og fleiri.

2

HANDBÆKUR

Kennslubók í 3D hönnun og handbók fyrir Fab Lab smiðjur.



Hafey afhendir aðstoðarskólastjóra Hólabrekkuskóla kennslubók í 3D og verkefnakistur fyrir pappírsmiðjur. Kennslufnið er afrakstur verkefnisins skapandi námssamfélags.

Skapandi námssamfélag hefur myndað jákvæða keðjuverkun, kennarar eru nú óhræddir í að vinna í tæknilausnum með nemendum sínum, þrátt fyrir að margir góðir frá upphafi verkefnisins hafa farið annað þá hefur þekkinginn ekki farið úr skólanum. Sem ég myndi segja að væri besta einkunn sem við gætum hafa fengið. Okkur tókst að efla þekkinguna og núna eru kennarar sem áður en verkefnið fór í gang orði ekki vildu ekki læra þetta, eru að kenna val áfanga. Þetta samstarf mun í framtíðinni skila sér að nemendur verða færari í í þessum starfræðna sköpunarheimi

Á vorönn voru þar sérstaklega nemendur í ungir frumkvöðlar sem sóttu til okkar til að fá aðstoð með útfærslu á frumgerðum af hugmyndum sínum.

Þegar litið er til baka yfir árið 2022 þá er eftirminnilegt hvað það voru margir nemendur frá ólíkum framhaldsskólum sem sóttu aðstoð í smiðjuna. Með haustinu fór MEMA-hraðalinn í gang í fimmta sinn. Í ár bættist Menntaskólinn á Ísafirði við þátttökuskólar, þrátt fyrir að senda ekki inn tillögu til dómnefndar þá er ætlun þeirra að taka þátt á næsta ári sem og FSU og VMA.

Tengingin sem hraðalinn veitir nemendum við atvinnulífið er gríðarlegt, Fab Lab Reykjavík vinnur ekki bara við að aðstoða nemendur áleiðis í hugmyndavinnu sinni heldur einnig að hjálpa þeim að tengjast fagfólki á háskólastigi og atvinnulífinu.

Á árinu 2022 jukum við námskeiðsframboð til muna. Tvö námskeið voru haldin í samtarfi við Vinnumálastofnun. Þar sem skipulagt var veglegt 7 vikna námskeið þar sem hvert tæki í smiðjunni var tekið fyrir á einni viku. Tvö námskeið voru haldin á pólsku, í laserskurði og D3 vinnslu. Byrjað var á örnámskeiðum til þar sem tæki eru kynnt og farið yfir byrjunarskrefin til þess að fólk geti unnið sjálfstætt í smiðjunni.

Tveir starfsmenn smiðjunnar til Póllands og tóku þar þátt í ráðstefnu og ræddu um mikilvægi þess að hafa opna og aðgengilega smiðju.



180
MÝSLILAUSNIR
GRUNNSKÓLA

Börn vita hvernig hægt væri
að losa samfélagið við
frouðplast.

Á vísindavöku héldum við hugmyndavinnustofu um mýsli fyrir nemendur grunnskóla.

FB nemendur hafa svo sannarlega blómstað í nálægð við Fab Lab Reykjavíkur, eða smiðjað blómstrað með nemendum. Kennararnir hafa byrjað að sjá möguleika til að nýta labbið í tengslum við verkefni hjá sér.

Rafmagnsbrautin hefur hefur einnig verið að þróa sín verkefni í samtali við okkur. Til þess að auka tækni læsi nemenda sinna og opna fyrir þá framtíðarmöguleika sem standa þeim til boða eftir að þeir útskrifast. Með því að þekkja aðstöðuna geta nemendur þegar þeir eru komnir út á vinnumarkaðinn verið umhverfisvænni og jákvæð áhrif á sitt samfélag.

Með því að kenna ungu fólki að skapa er verið að dýpka inntak náms og jafnframt að mæta þörf ungmenna til að bæta umhverfið og stuðla að betri heimi. Samstarf í sköpun ýtir undir starfgleði nemenda. Fab Lab Reykjavík eflir kennara til þess að auka færni nemenda í nýsköpun.



4305
NÁMS
HEIMSÓKNIR

58% heimsókna í smiðjuna eru vegna námsskeiða, kennslu og kynninga.

Fjöldi fólks sækir tækninám í Fab Lab Reykjavík



Þóra er komin í stjórn WomenTechIceland samtaka sem hvetja til jafnréttis og þátttöku kvenna í tækniiðnaði. Í nýrri stjórn WomenTechIceland sitja einnig Alondra Silva Muñoz, markaðsstjóri Kaptio, Ingibjörg Lilja "Ingsa" Þórmundsdóttir, meðstofnandi og forstjóri Orgz, Ólöf Kristjánsdóttir, yfirmaður markaðssviðs WISE, Randi Stebbins, meðstofnandi Ós Pressan, rannsakandi í IWEV, tæknirithöfundur hjá AGR Dynamics, sem og stofnendur WomenTechIceland Valenttina Griffin og Paula Gould.

REKSTRARKOSTNAÐUR

	2021	2022	2023
Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneyti	10,000,000	10,000,000	10,000,000
Mennta og menningarmálaráðuneyti	8,000,000	8,000,000	8,000,000
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	8,467,578	8,769,808	8,913,616
Reykjavíkurborg	11,500,000	11,500,000	11,500,000
Sértekjur	4,778,700	1,728,813	2,000,000
Styrkir staðfest	15,182,171	13,913,521	16,662,453
	-		
Tekjur alls	57,928,449	53,985,615	57,076,069
Laun	45,917,990	43,335,741	45,000,000
Húsnæði og rekstur	8,467,578	8,769,808	8,913,616
Ferðir og námskeið	555,059	603,156	1,000,000
Rekstur	2,732,666	1,574,818	2,000,000
Keypt þjónusta	162,804	76,550	500,000
Kostnaður	57,336,097	56,360,073	57,413,616
Kostnaður umfram tekjur	-92,352	-2,374,458	-337,547

*Ljóst er að fjármögnun dugir ekki fyrir rekstri og viðhaldi tækja.

TÖFLUR

Frumkvöðlar, þróunarverkefni og sjálfstæðir notendur

	Viðmið	2020	2021	2022
Sjálfstæðir notendur		1345	2636	3203
Nemendur FB				509
Fjöldi þróunarverkefna	4	37	45	53
Atvinnulíf	-	18	25	27
Háskóli	-	2	3	2
Framhaldsskóli	-	17	21	27
Grunnskóli	-	-	-	-
Fjöldi fyrirtækja	-	11	18	18
Ráðgjöf og handleiðsla	-	-	12	59
Sjálfstæð þróun	-	84	100	108

Pekkingarsamfélag

	Viðmið	Viðmið	2020	2021	2022
Námskeið á vegum Fab Lab	4	Fjöldi	6	42	36
	-	Klst	13	94	298
	-	Heimsóknir	59	178	600
Námskeið á vegum annarra	2	Fjöldi	6	4	6
	-	Klst	24	38	24
	-	Þáttakendur	75	65	74
Sjálfstæð kennsla*	5	Fjöldi	21	18	7
*ekki talið sem námskeið	-	Þáttakendur	465	357	111
Fab Lab áfangar	4	Fjöldi	16	12	14
	-	Klst	490	576	595
Þátttakendur áfanga	-	FB	143	110	121
	-	HÍ	27	37	48
	-	MEMA	77	84	87
Handleiðsla ráðgjöf	30	Fjöldi	10	17	21
	-	Klst	18	25	27
Kynningarheimsóknir	Viðmið	Fjöldi	11	40	40
	-	Þáttakendur	150	492	474